

✉ RE: Nýtt deiliskipulag Ævintýragarðsins í Mosfellsbæ - Umsagnafrestur

Búið til	8.7.2021 11:16:11
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	8.7.2021 11:16:10
Tilheyrir	📁 202106-0018 - Nýtt deiliskipulag Ævintýragarðsins í Mosfellsbæ

Efni

RE: Nýtt deiliskipulag Ævintýragarðsins í Mosfellsbæ - Umsagnafrestur

Upplýsingar

Sent	8.7.2021 11:16:10	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	kristinnp@mos.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202106-0018 (SS).

Vísað er til tölvubréfs frá skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dags. 9. júní 2021 þar sem auglýst er nýtt deiliskipulag að Ævintýragarði í Mosfellsbæ.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna og gerir ekki athugasemdir við áform um Ævintýragarðinn. Áætluð uppbygging útivistarinnviða þ.m.t. tjaldsvæðis, leiksvæða, skíðabrekku o.fl. fer fyrst og fremst fram á svæðum sem eru þegar röskuð að einhverju leyti eða þar sem verndargildi náttúru telst frekar lágt. Vistgerðum með hátt verndargildi svo sem sjávarfitjungsvist verður ekki raskað. Gætt er þess að raska ekki verndarsvæðum og t.d. er ákvæðum hverfisverndar í aðalskipulagi Mosfellsbæjar fylgt í hvítvetna sem er mjög jákvætt.

Stofnunin vill þó benda á mikilvægi þess að gengið sé vel um verndarsvæði og verndaðar náttúruminjar innan deiliskipulagssvæðins, bæði á framkvæmdatíma og eftir að Ævintýragarðurinn er tekinn til notkunar. Tvö friðlýst svæði, Tungufoss í Köldukvísl og sjávarfitjar við botn Leiruvogs eru þar á meðal og einnig er Varmá á gildandi náttúruminjasrá. Varmá og Leiruvogur eru einnig undir hverfisvernd í aðalskipulagi Mosfellsbæjar og því fylgja margvíslegir skilmálar. Gæta þarf sérstaklega að því að forðast óþarfa rask við stígagerð innan ogn í nálægð við náttúruverndarsvæði. Tryggja þarf að aukin notkun á svæðinu með tilkomu Ævintýragarðsins valdi ekki álagi eða raski á viðkvæmri náttúru þar sem hana er að finna. Svæðið við Leiruvog er t.d. friðlýst vegna sjaldgæfrar plöntu, fitjasefs, og þolir svæðið ekki mikla umferð. Þá þarf að gæta þess vel að Varmá verði ekki fyrir auknu álagi t.d. vegna mengunar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Kristinn Pálsson" <kristinnp@mos.is>

To: "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "Samtök sv.félaga á hb.svæðinu" <ssh@ssh.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>; "hordur@hordur.is" <hordur@hordur.is>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC: "Anna Margrét Tómasdóttir" <annamargret@mos.is>

Subject: RE: Nýtt deiliskipulag Ævintýragarðsins í Mosfellsbæ - Umsagnafrestur

Date: 9.6.2021 09:12:25

Nýtt deiliskipulag Ævintýragarðsins í Mosfellsbæ

Vakin er athygli á því að Mosfellsbær hefur auglýst nýtt deiliskipulags, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar 19.05.2021.

Nýtt deiliskipulag er unnið á grundvelli verðlaunatillögu í hugmyndasamkeppni um Ævintýragarð sem haldin var árið 2009. Deiliskipulagssvæðið er staðsett í Ullarnesbrekkum og afmarkast af Vesturlandsvegi til austurs, Köldukvísl til norðurs að meðtöldum Suðureyrum og mörkum Varmárskólasvæðis til suðurs.

Aðal aðkoma bílaumferðar er frá jöðrum garðsins, um Tunguveg og frá Vesturlandsvegi, en þaðan er líka þjónustuaðkoma að miðsvæði. Neðan við aðkomuna frá Vesturlandsvegi liggur miðsvæði garðsins sem er fjölnota svæði fyrir menningarviðburði s.s. útileikhús, ljóðalestur, söngskemmtanir svo og stærri atburði eins og tónleikahald, markaðsdaga, minni íþróttaviðburði og sýningarsvæði fyrir útilistaverk svo eitthvað sé nefnt, hjartað í garðinum. Við þjónustumiðstöðina við Tunguveg er reiknað með stað fyrir nýtt tjaldsvæði og leiksvæði. Innan garðsins eru einnig ýmsir aðrir áningarstaðar og leiksvæði, þrekstöðvar, skíða- og sleðabrekkur, minigolf, hundagerði, fuglaskoðunarhús, matjurtagarðar, fjallahjólabraut, gönguskíðabraut, hjólastígar, reiðstígar, léttir stígar og hengibrú. Garðurinn er skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030.

Tillagan og greinargerð er aðgengileg á vef Mosfellsbæjar og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2 svo þeir sem vilja get kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Hún var auglýst í Mosfellingi og Lögbirtingarblaðinu. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda, og senda skal þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, eða í tölvupósti á skipulag@mos.is (<mailto:skipulag@mos.is>).

Þær stofnanir sem telja sig hafa hagsmuna að gæta eru beðnar um að gefa umsögn ellegar eru aðrir taldir samþykkir tillögunni.

Athugasemdafrestur er frá 3. júní 2021 til og með 19. júlí 2021.

Sökum stærðar á gögnum eru þau aðgengileg á vef:

<https://www.mos.is/thjonusta/skipulag-og-umhverfi/skipulagsmal/nanar/2021/06/03/Nytt-deiliskipulag-Aevintyragardsins-i-Mosfellsbae/> (<https://www.mos.is/thjonusta/skipulag-og-umhverfi/skipulagsmal/nanar/2021/06/03/Nytt-deiliskipulag-Aevintyragardsins-i-Mosfellsbae/>)

Með kveðju,

Kristinn Pálsson

Skipulagsfulltrúi

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

Sími: 525 6700

[www. \(http://www.mos.is/\)](http://www.mos.is/) *mos* (<http://www.mos.is/>).*is* (<http://www.mos.is/>)

Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing - Jákvæðni - Framsækni – Umhyggja

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum (<http://www.mos.is/forsida/trunadur>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)